

Fjölskyldusvið Akureyrar



Mynd: Anna Bryndís Sigurðardóttir

Ársskýrsla 2017

Efnisyfirlit

1	FJÖLSKYLDUSVIÐ AKUREYRARBÆJAR	3
1.1	STARFSFÓLK	3
2	ÚTGJÖLD 2017 OG HELSTU LYKILTÖLUR	5
3	BARNAVERND	6
4	FÉLAGSÞJÓNUSTA	12
4.1	ALMENN FÉLAGSÞJÓNUSTA	12
4.2	SÉRHÆFÐ FÉLAGSÞJÓNUSTA	22
5	ÞJÓNUSTUDEILD	26
5.1	SKRIFSTOFA FJÖLSKYLDUSVIÐS	26
5.2	ASKJAN	26
5.3	NOTENDARÁÐ Í MÁLAFLOKKI FATLAÐRA	26
5.4	NÝSKÖPUN Í ÞJÓNUSTU	27
6	SKÓGARLUNDUR	28
7	PLASTIÐJAN BJARG – IÐJULUNDUR	33

Nefndir og ráð


Barnaverndarnefnd

Baldur Dýrfjörð formaður – hættur ágúst 2017
 Júlí Ósk Antonsdóttir formaður frá september 2017
 Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
 Valur Freyr Halldórsson
 Elisabeth J. Zitterbart
 Hjalti Ómar Ágústsson nýr inn í september 2017

Velferðarráð

Erla Björg Guðmundsdóttir formaður
 Róbert Freyr Jónsson
 Halldóra K. Hauksdóttir
 Svava Þórhildur Hjaltalín
 Valur Sæmundsson
 Guðrún K. Garðarsdóttir áheyrnarfulltrúi

Skipurit Fjölskyldusviðs



1 Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar

Í upphafi árs urðu viðamiklar stjórnarsýslubreytingar hjá Akureyrarbæ sem snertu fjölskyldusvið beint með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi breyttist nafn stofnunarinnar úr fjölskyldudeild í fjölskyldusvið. Í öðru lagi var tekin ákvörðun um að færa sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla frá fjölskyldusviði til fræðslusviðs. Sú ákvörðun kom til framkvæmda í mars með flutningi sjö starfsmanna í 6.8 stöðugildum (skólasálfræðinga og sérkennsluráðgjafa) til fræðslusviðs. Í þriðja lagi var tekin ákvörðun um flutning húsnæðisdeildar frá fjársýslusviði til fjölskyldusviðs. Sú ákvörðun kom til framkvæmda í janúar með flutningi eins starfsmanns. Í apríl varð síðan sú stjórnkerfisbreyting að til varð þjónustudeild með forstöðumanni. Undir þá deild heyrir skrifstofa sviðsins ásamt Öskjunni fjölskyldustuðningi sem er þjónusta veitt heim til barnafjölskyldna. Á árinu einkenndist starfið af vinnu vegna þessara breytinga, aðlögun nýrra verkefna og greiningarvinnu vegna þeirra verkefna sem fluttust frá sviðinu og höfðu verið samþætt annarri starfsemi sviðsins.

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar veitir fjölbreytta ráðgjafarþjónustu á sviði barnaverndar, almennrar og sértækrar félagsþjónustu (málaflokkur fatlaðra). Þjónustusvæðið er auk Akureyrar; Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Gerður hefur verið þjónustusamningur í málaflokki fatlaðra á milli þessara sveitarfélaga sem unnið er eftir en skv. samningum er Akureyrarbær leiðandi sveitarfélag og ber ábyrgð á rekstri allrar þjónustu í málaflokknum. Einnig er unnið eftir samningum um ráðgjafarþjónustu við sveitarfélögin en skv. þeim sinnir fjölskyldusvið ráðgjafarþjónustu í barnavernd og almennri félagsþjónustu. Samstarf er á milli þessara sveitarfélaga um barnaverndarnefnd, barnaverndarnefnd Eyjafjarðar. Undir deildina heyra tveir vinnustaðir í málaflokki fatlaðra, Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur (PBI) og Skógarlundur.

Fjölskyldusvið leggur áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun, snemmtæka íhlutun og sveigjanleika í þágu notenda þjónustunnar.

Starfsemi sviðsins skiptist í eftirfarandi þjónustubætti:

- ★ Barnavernd
- ★ Félagþjónusta, almenn og sértæk
- ★ Þjónustudeild
- ★ Starfsþjálfun og vernduð vinna - PBI
- ★ Hæfing og iðja - Skógarlundur – miðstöð hæfingar og virkni

1.1 Starfsfólk

Í árslok voru 21 starfsmaður á skrifstofu sviðsins í 19.2 stöðugildum. Í Skógarlundi voru 17 starfsmenn í 14.9 stöðugildum og á Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi voru 19 fastir starfsmenn í 17.05 stöðugildum.

Það fækkaði í starfsmannahópnum vegna stjórnkerfisbreytinganna og auk þess urðu á árinu miklar breytingar þar sem lykilstarfsfólk, með langan starfsaldur og mikla reynslu, lét af störfum. Þannig hætti forstöðumaður barnaverndar Áskell Örn Kárason í október eftir 10 ár í starfi, Bryndís Dagbjartsdóttir skrifstofustjóri hætti í nóvember eftir 11 ár í starfi og Jón Heiðar Daðason húsnæðisfulltrúi hætti um áramót en hann hafði starfað hjá Akureyrarbæ í 17 ár, þar af síðasta árið á fjölskyldusviði. Eftirfarandi starfsmenn fluttust til fræðslusviðs: Helga Vilhjálmsdóttir forstöðumaður, Elín Sigurbjörg Jónsdóttir, Elva Haraldsdóttir og Líney Helgadóttir sérkennsluráðgjafar, Fanný Rut Meldal (í fæðingarorlofi), Guðný Dóra Einarisdóttir, Ingveldur Sigurðardóttir og Ingibjörg Hjartardóttir sálfræðingar. Í starf forstöðumanns barnaverndar var Vilborg Þórarinsdóttir félagsráðgjafi ráðin, Sólveig Eiríksdóttir viðskiptafræðingur var ráðin í starf skrifstofustjóra og Magnús Valur Axelsson var ráðinn í starf húsnæðisfulltrúa. Anna Sigríður Jónsdóttir félagsráðgjafi og Þórdís Gísladóttir ráðgjafi sem báðar höfðu verið í afleysingum voru ráðnar í fastar stöður.

Nýtt fólk er boðið velkomið til starfa og þeim sem kvöddu á árinu eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Í árslok 2017 voru stöðugildi á Fjölskyldusviði eftirfarandi:

	Stöðugildi 31.12.2016	Stöðugildi 31.12.2017
Guðrún Ólafía Sigurðardóttir sviðsstjóri	1,0	1,0
	Samtals 1,0	Samtals 1,0
Barnavernd		
Áskell Örn Kárason sálfræðingur, forstöðumaður barnaverndar	1,0	
Vilborg Þórarinsdóttir félagsráðgjafi, forstöðumaður barnaverndar		1,0
Hafdís Erla Jóhannsdóttir Rist félagsráðgjafi	0,25	0,8
Harpa Ágústsdóttir uppeldisráðgjafi	1,0	1,0
Jóhanna Hjartardóttir félagsráðgjafi	0,7	0,9
Ottó Karl Tulinius félagsráðgjafi	1,0	1,0
Þórdís Gísladóttir ráðgjafi	1,0	1,0
	Samtals 4,95	Samtals 5,7
Félagshjónusta		
Anna Marit Nielsdóttir félagsráðgjafi, forstöðumaður félagshjónustu	1,0	1,0
Anna Sigríður Jónsdóttir félagsráðgjafi	1,0	1,0
Fanney Jónsdóttir ráðgjafi í málefnum fatlaðra	1,0	1,0
Helga Alfreðsdóttir proskapjálfi, ráðgjafi í málefnum fatlaðra	0,8	0,8
Katrín Árnadóttir félagsráðgjafi	í barnsb.l	0,8
Magnús Valur Axelsson húsnæðisfulltrúi		1,0
Selma Heimisdóttir félagsráðgjafi	0,9	0,9
Snjólaug Jóhannesdóttir félagsráðgjafi	1,0	1,0
	Samtals 5,7	Samtals 7,6
Sérfræðihjónusta við leik- og grunnskóla		
Helga Vilhjálmsdóttir sálfræðingur, forstöðumaður sérfræðihjónustu	1,0	
Elva Haraldsdóttir sérkennsluráðgjafi í leikskólum	1,0	
Elín Sigurbjörg Jónsdóttir sérkennsluráðgjafi í grunnskólum	0,9	
Fanný Rut Meldal sálfræðingur	í barnsb.l	
Guðný Dóra Einarsdóttir sálfræðingur	1,0	
Ingibjörg S. Hjartardóttir sálfræðingur	1,0	
Ingveldur Sigurðardóttir sálfræðingur	1,0	
Líney Helgadóttir sérkennsluráðgjafi í grunnskólum	0,9	
	Samtals 6,8	
Þjónustudeild		
Karólína Gunnarsdóttir proskapjálfi, forstöðumaður þjónustudeildar	1,0	1,0
Anna Bryndís Sigurðardóttir sérfræðingur á skrifstofu	1,0	1,0
Bryndís Dagbjartsdóttir skrifstofustjóri	1,0	
Elínborg Sigríður Freysdóttir ráðgjafi í Öskjunni	0,75	0,75
Gyða Björk Aradóttir ráðgjafi í Öskjunni	0,5	0,5
Sólveig Eiríksdóttir skrifstofustjóri		1,0
Steinunn Benna Hreiðarsdóttir deildarfulltrúi	0,75	0,75
	Samtals 5,0	Samtals 5,0
	Samtals stöðugildi 23,45	Samtals stöðugildi 19,2

2 Útgjöld 2017 og helstu lykiltölur

Skipting fjármagns

Samanburður á útgjaldaliðum frá 2015 - 2017 á verðlagi hvers árs, allar tölur eru í þúsundum			
	2015	2016	2017
Skrifstofa fjölskyldusviðs	227.096	245.474	204.405
Fjárhagsaðstoð	144.824	144.670	119.950
Tilsjónarmenn	7.460	3.472	2.930
Askjan - fjölskyldustuðningur		7.321	8.958
Vistun á stofn. og heimilum	42.717	50.814	63.375
Meðferð unglunga utan stofnana PMT-O	1.837	2.187	2.587
Styrkir til náms og tækjakaupa	1.667	738	1.285
Plastiðjan Bjarg - lðjulundur	98.733	88.949	83.567
Skógarlundur	125.186	128.294	138.077
Sérstakur húsnæðisstuðningur			51.800

Tafla 1

Ýmsar lykiltölur í starfsemi fjölskyldusviðs

	2015	2016	2017
Fjöldi tilkynninga í barnavernd	450	516	594
Fjöldi barna sem fá þjónustu frá barnavernd	321	315	304
Málafjöldi í Öskjunni	40	40	43
Fjöldi styrkþega í fjárhagsaðstoð	363	359	340
Fjárahagsaðstoð alls (þús. kr.)	144.824	144.670	119.939
Fjöldi styrkþega sérstaks húsnæðisstuðnings			351
Heildarfjöldi leiguíbúða			339
Fjöldi úthlutaðra leiguíbúða á árinu			49
Fjöldi fatlaðra barna í þjónustu	168	170	171
Fjöldi fatlaðra barna með stuðningsfjölskyldur	36	36	30
Skógarlundur - fjöldi þjónustutíma	48.880	45.869	44.496
Skógarlundur - heildarfjöldi notenda	49	50	50
Plastiðjan Bjarg-lðjulundur - fjöldi þjónustutíma	30.994	24.964	25.872
Plastiðjan Bjarg-lðjulundur - heildarfjöldi notenda	67	63	60


Tafla 2



3 Barnavernd

Sex starfsmenn fjölskyldusviðs sinna verkefnum barnaverndar í umboði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Á árinu voru virk stöðugildi 5.7. Fjórir starfsmenn hafa menntun sem félagsráðgjafar, einn er með BA í sálfræði og einn sem uppeldisráðgjafi.

Verkefni barnaverndar á árinu voru hefðbundin og fólust einkum í því að taka á móti barnaverndartilkynningum á svæði nefndarinnar, skrá þær, fjalla um þær og taka efni þeirra til könnunar. Ennfremur að standa að eða útvega margvíslegan stuðning við börnin og fjölskyldur þeirra, eins og þörf krefur og barnaverndarlög áskilja. Þannig ber barnaverndarnefndum að hafa til taks stuðningsúrræði eins og tilsjón, persónulega ráðgjafa og stuðningsfjölskyldur. Jafnframt að útvega þjónustu sem Barnaverndarstofa hefur umsjón með og sækja þarf um með formlegum hætti, s.s. tímabundið eða varanlegt fóstur og aðrar vistanir á einka- og meðferðarheimilum, meðferð Barnahúss og aðra sérhæfða meðferð s.s. MST-meðferð. Þá gefa starfsmenn í umboði barnaverndarnefndarinnar umsagnir vegna umsókna um fósturleyfi og til forsamþykkis í ættleiðingarmálum. Á árinu 2017 tók nefndin við 594 barnaverndartilkynningum og hóf könnun að eigin frumkvæði í 16 málum. Barnaverndartilkynningum fjölgaði um 78 á milli ára og þar áður fjölgaði tilkynningum um 66. Þetta er rétt yfir 15% fjölgun frá síðasta ári en fjölgun barnaverndartilkynninga á milli ára má segja að hafi verið viðvarandi undanfarin ár. Málefni 304 barna voru til könnunar og meðferðar á árinu, sem er lítilleg fækkun frá því árin á undan, sjá mynd 1.




Mynd 1

Aldur og kyn barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga árin 2015-2017							
	2015		2016		2017		
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	
0 - 5 ára	82	51	84	46	81	45	
6 - 10 ára	46	42	40	45	36	41	
11 - 14 ára	29	41	27	27	34	25	
15 - 18 ára	12	12	16	25	20	22	
18 - 20 ára	3	1	2	0	0	0	
Samtals drengir/stúlkur	172	147	169	143	171	133	
Samtals	319		312		304		

Tafla 3

Eins og undanfarin ár er hlutfall þeirra barna undir grunnskólaaldri sem koma við sögu í barnavernd yfir 40% en meðalaldur barna sem nefndin hefur afskipti af hefur verið aðeins að hækka undanfarin tvö ár. Eins og áður eru fleiri drengir en stúlkur sem koma inn á borð barnaverndar eða um 56% af heildinni.




Mynd 2

Ástæður barnaverndartilkynninga 2015-2017			
	2015	2016	2017
Vanræksla	167	197	315
Ofbeldi	116	160	125
Áhættuhegðun barns	166	156	148
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	1	3	6
Samtals	450	516	594

Tafla 4

Athygli vekur sú mikla fjölgun tilkynninga á árinu eins og reyndin hefur verið frá árinu 2014. Eins og sjá má bæði í töflu 4 og á mynd 3 var á árinu 2017 áberandi mikil fjölgun tilkynninga um vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit og stærsti liður þar er vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu foreldra. Á árinu 2017 bárust 315 tilkynningar vegna vanrækslu á móti 197 tilkynningum af sömu ástæðu árið 2016. Á móti hefur tilkynningum vegna áhættuhegðunar barns/unglings fækkað lítillega á milli ára og tilkynningum um ofbeldi hefur einnig fækkað. Má segja að alvarlegum tilkynningum hafi fjölgað mikið þar sem staða foreldra er verri og aðbúnaður barna að versna vegna áfengis- og fíkniefnavanda foreldra. Þessi staða hefur valdið því að oftast hafi þurft að grípa til íþyngjandi aðgerða en áður.



Mynd 3

Tilkynningar til barnaverndar berast úr ýmsum áttum, frá opinberum aðilum og almenningi, sjá töflu 5 og mynd 4. Tilkynningum frá lögreglu fjölgaði mikið frá árinu 2015 og ekki er lát á því. Þannig hefur tilkynningum frá lögreglu fjölgað um 22% á síðustu tveimur árum og hefur sú þróun haldið áfram árið 2017. Þá vekur athygli fjölgun tilkynninga frá heilbrigðisstarfsmönnum sem eru 102 á árinu á móti 68 árið 2015.

Hver tilkynnir?			
	2015	2016	2017
Barnið sjálft	0	3	1
Ættingjar barns	24	32	37
Nágrannar	16	30	20
Önnur barnaverndarnefnd	8	11	10
Félagsþjónusta	1	2	6
Lögregla	202	212	260
Skóli, sérfræðipj. skóla	58	48	58
Leikskóli/gæsluforeldri	10	8	8
Læknir/heilsug./sjúkrahús	68	74	102
Foreldri með forsjá barns	32	36	22
Foreldri án forsjár	4	3	4
Aðrir	27	57	66
Samtals	450	516	594

Tafla 5

Að lokinni könnun í barnaverndarmáli er tekin ákvörðun um það hvort stuðnings sé þörf í málinu. Beitingu úrræða skv. barnaverndarlögum má skipta í þrjá flokka: a) úrræði inni á heimili, b) úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns og c) þvingunarúrræði. Árið 2017 var eftirfarandi stuðningsúrræðum beitt inni á heimili barns, sjá töflu 6.

Stuðningsúrræði inni á heimili			
	2015	2016	2017
Foreldrum leiðbeint um uppeldi og aðbúnað	64	63	73
Stuðlað að úrræðum skv. öðrum leiðum	33	48	57
Barni útvegaður viðeigandi stuðningur/meðferð	47	48	44
Barni eða fjölskyldu útveguð tilsjón, persónul. ráðgjöf eða stuðningsfj	49	40	37
Foreldri aðstoðað við að leita sér meðferðar	21	21	27
Þunguð kona aðstoðuð við að leita sér meðferðar	3	1	1
Annað	35	54	62
Samtals	252	275	301

Tafla 6


Fóstur og aðrar vistanir

Í árslok voru 15 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar. 16 börn voru í tímabundnu fóstri á árinu og auk þess voru 7 börn vistuð á einkaheimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Á árinu fór eitt barn í greiningar- og meðferðarvistun á Stuðla og tvisvar sinnum var barn vistað þar í neyðarvistun. Þá fóru tvö börn á langtímameðferðarheimili hjá Barnaverndarstofu á árinu.

Í lok ársins var tekin ákvörðun um að gera kröfu um forsjárviptingu þriggja barna fyrir dómi er varðar 2 fjölskyldur.

Bakvakt

Bakvakt vegna barnaverndarmála er starfrækt á þjónustusvæði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar alla virka daga utan skrifstofutíma og um helgar. Þegar erindi berst til bakvaktar er metið hvort þörf sé á tafarlausri aðstoð eða hvort málið megi bíða næsta virka dags. Neyðarlínan 112 tekur við tilkynningum samkvæmt samningi við barnaverndarnefndir landsins utan skrifstofutíma, forgangsraðar erindum, skráir helstu upplýsingar og kemur þeim til viðkomandi barnaverndarnefndar. Fjöldi útkalla á árinu 2017 voru 43 sem eins og mynd 4 ber með sér er sá fjöldi svipaður og þegar hann hefur verið í hámarki frá árinu 2008 til 2010. Hver sem skýringin er virðist fjöldi útkalla á árinu 2016 hafa verið í sögulegu lágmarki. Fjöldi símtalsútkalla voru 102 á árinu að ótöldum öðrum styttri símtölum sem ekki flokkast undir útköll starfsmanna á bakvakt.



Mynd 4

Sveitarfélög

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er sameiginleg nefnd fyrir Akureyri og nágrennasveitarfélögin Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandahrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Af 304 börnum sem

nefndin hafði afskipti af á árinu, komu 274 frá Akureyri, en 30 frá hinum sveitarfélögum fjórum, eða 9,8%.

Samstarfsaðilar

Barnaverndarstarfsmenn eru í faglegu samstarfi við grunnskóla bæjarins og sátu nemendaverndarráðsfundi reglulega á þessu ári eins og áður. Tengiliður frá barnavernd er við hvern skóla og leikskóla sem hefur reynst vel. Að jafnaði hafa verið tveir samráðsfundir í hverjum leikskóla á árinu. Minni skólarnir á svæði nefndarinnar voru heimsóttir sjaldnar. Fundað var mánaðarlega með geðdeild SAK og á starfsmaður barnaverndar setu í fagteymi á HSN. Reglulegt samráð hefur einnig verið við barnadeild SAK og BUG-teymi sjúkrahússins. Starfsmenn barnaverndar hafa verið í þétu samstarfi við skólaþjónustu fræðslusviðs.

Samvinna við lögreglu er af margvíslegum toga en þar má helst nefna samvinnuverkefni um viðbrögð við heimilisofbeldi sem hófst árið 2015 og nefnt hefur verið „Að halda glugganum opnum“ Það var tilraunarverkefni á sínum tíma en er nú orðið fast verklag við vinnslu heimilisofbeldismála.

Nefndin vinnur í nánú samstarfi við Barnaverndarstofu. Árið 2016 innleiddi Barnaverndarstofa MST-meðferðarúræðið eða svokallaða fjölkerfameðferð fyrir unglinga og fjölskyldur þeirra í umdæmi nefndarinnar og hefur sú þjónusta vaxið með hverju árinu. Auk þess var samstarf barnaverndar og Barnahúss viðamikið á árinu eins og verið hefur en sérfræðingur Barnahúss var með reglulega viðveru í húsakynnum fjölskyldusviðs og veitti meðferðarviðtöl. Innleiðing á nýju verklagi við könnun mála sem ber heitið Ester hefur smám saman verið að festa sig í sessi undir handleiðslu Barnaverndarstofu.

Samstarf við samfélagssvið var nokkuð á árinu og má nefna aðild barnaverndar, auk skólaþjónustu fræðslusviðs, að úrræði sem heitir Skólamiðjan og samstarf við forvarnarfulltrúa í málum unglinga sem sýna einkenni andfélagslegrar hegðunar.

Fundur barnaverndarnefndar

Á árinu hélt nefndin 15 fundi, tveimur færri en árinu áður. Alls voru málefni 16 barna til umfjöllunar á þessum fundum, alls 46 sinnum. Í 12 tilvikum komu foreldrar barna á fund nefndarinnar, sumir á fleiri en einn fund og í tvö skipti komu fósturforeldrar fyrir nefndina. Úrskurðað var um vistun þriggja barna utan heimilis á árinu en í málum tveggja barna náðist samkomulag um vistun áður en til úrskurðar þurfti að grípa. Þá var í máli þriggja fósturbarna úrskurðað um umgengni við kynforeldra og í málum tveggja barna var úrskurðað um umgengni er varðaði náinn ættingja.

Nefndin átti aðild að málum þriggja barna fyrir Héraðsdómi og staðfesti dómurinn kröfu um vistun þeirra barna utan heimilis skv. 28. gr. barnaverndarlaga. Í máli eins barns lá fyrir dómur Hæstaréttar á árinu þess efnis að málið skyldi tekið til efnislegrar meðferðar hjá Héraðsdómi um endurskoðun á fósturráðstöfun. Undir lok árs var tekin ákvörðun um að gera kröfu um forsjárviptingu fyrir dómi er varðaði þrjú börn.

Forsjáraðilar þriggja barna skutu ákvörðunum nefndarinnar til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Nefndin tók til varna í öll skiptin og krafðist staðfestingar á ákvörðun sinni. Í öllum þeim málum var ákvörðun nefndarinnar staðfest hjá úrskurðarnefnd.

Annað

Árið 2017 var eins og síðasta ár nokkuð erilsamt hjá nefndinni og starfsmönnum hennar, eins og fjöldi nefndarfunda ber með sér. Barnaverndartilkynningum hélt áfram að fjölga frá fyrra ári. Fjöldi virkra barnaverndarmála fækkaði örlítið frá fyrra ári en þungi mála fer vaxandi. Efni tilkynninga eru alvarlegri og fjölgun hefur orðið á tilkynningum er varða sömu börnin. Áhyggjur eru af vaxandi vímuefnaneyslu foreldra sem bitnar á umönnun barna og öryggi þeirra.

Fleiri mál hafa verið að koma fyrir nefndina síðustu tvö ár en árin á undan og mun fleiri börn vistuð utan heimilis til lengri eða skemmri tíma. Brugðist hefur verið við þessari þróun þar sem nauðsynlegt hefur verið að forgangsraða verkefnum vegna aukins álags á starfsmenn nefndarinnar. Við þessari þróun hefur verið reynt að bregðast og ákveðnum hluta tilkynntra mála vísað í þjónustu annarsstaðar með bréfi eða foreldrum boðið eitt ráðgefandi viðtal. Þannig hefur verið reynt að beina

kröftum barnaverndarstarfsmanna þangað sem þeirra er mest þörf. Stærstu málaflokkunum má skipta í fernt:

- a) Mál unglinga í áhættuhegðun þar sem vímuefnaneysla kemur við sögu. Mörg þessara mála verða mjög íþyngjandi fyrir fjölskyldur, skóla og samfélagið allt. Hegðun þessi og lífshættir geta verið mjög smitandi og þá koma við sögu önnur börn í „jaðarhópi“ sem verða fyrir áhrifum og eiga á hættu að lenda í sama vanda.
- b) Mál barna þar sem foreldrar eiga við vímuefnavanda að stríða og geta af þeim sökum ekki tryggt öryggi eða velferð barna sinna. Í þessum tilfellum þarf stundum að grípa til neyðarráðstafana og margvíslegum úrræðum beitt til að styðja foreldra til betri vegar.
- c) Mál þar sem grunur er um að barn sé beitt ofbeldi, einkum kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi. Barnaverndin er hinn lögbundni farvegur fyrir vinnslu mála af þessu tagi þegar kemur að því kanna grun um ofbeldi eða vísa í rannsókn lögreglu. Einnig umsjón með úrræðum fyrir þolendur og þá gerendur sem eru á barnsaldri. Barnaverndin býr líka yfir einstakri reynslu til að meta alvarleika tilkynninga og því hvaða viðbrögð eru við hæfi. Ráðgjöf og handleiðsla til annarra fagaðila kemur hér líka við sögu.
- d) Mál þar sem íþyngjandi íhlutunar er þörf eftir að reynt hefur á almennari stuðningsúrræði skv. barnaverndarlögum. Þarna koma við sögu börn sem eru í hvað viðkvæmastri stöðu og því afar mikilvægt að þau úrræði sem beitt er svari vanda barnsins og fjölskyldu þess. Í þessum málum reynir oft mjög á samskipti við önnur stjórnvöld og réttarkerfið og því brýnt sem aldrei fyrr að reglum um verklag og málsmeðferð sé fylgt. Ritun greinargerða og skýrslna og miðlun gagna með formlegum hætti þarf að vera hnökralaus svo dómendur og úrskurðaraðilar geti sinnt hlutverki sínu. Mál þessi geta orðið mjög umsvifamikil, bæði í tíma og kostnaði.

Vaxandi þörf hefur verið á auknum liðsstyrk í mannafla barnaverndar og því var það sérstök ánægja þegar tekin var ákvörðun um það í lok árs að ráða lögfræðing til starfa á fjölskyldusviði. Starfssvið hans felst m.a. í því að sinna ákveðnum verkefnum í vinnslu barnaverndarmála, styrkja þannig stöðir barnaverndarstarfsins og tryggja enn frekar vandaða málsmeðferð. Á nýju ári þarf jafnframt að huga að enn frekari styrkingu í vinnslu barnaverndarmála, m.a. með ráðningu nýs barnaverndarstarfsmanns og kortleggja með raunhæfum hætti þörf á og kostnað við margnota fjölskylduheimili til að svara þörf fyrir fjölbreyttari úrræði.



4 Félagsþjónusta

Hlutverk félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi. Þjónustan er í formi almennrar eða sérhæfðrar ráðgjafar og félagslegra úrræða. Unnið er eftir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks.

Ráðgjöfin sem stendur til boða er:

- ★ Félagsleg ráðgjöf s.s. vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengnismála.
- ★ Ráðgjöf vegna fjármála og fjárhagsaðstoð.
- ★ Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða þjónustu í búsetu.
- ★ Sérhæfð ráðgjöf /þjónusta vegna fötlunar.

Úrræðin sem félagsþjónustan hefur upp á að bjóða eru: fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, sérstakur húsnæðisstuðningur, virkni- og atvinnuúrræði, stuðningsfjölskyldur fyrir börn og auk þess getur félagsþjónustan vísað í Öskjuna fjölskyldustuðning.

4.1 Almenn félagsþjónusta

Félagsleg ráðgjöf

Markmið félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um ýmis félagsleg réttindi og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Öll félagsleg ráðgjöf miðar að hjálp til sjálfshjálpar, þannig að einstaklingurinn geti sem best notið sín í samfélaginu. Verkefni félagslegrar ráðgjafar er til dæmis ráðgjöf vegna fjölskyldumála, fjárhagsvanda, húsnæðisskorts, vímuefnaneyslu, skilnaðar, sjúkdóma, slysa, fötlunar, atvinnuleysis eða öldrunar.

Margt af því sem að ofan er talið kallar einnig á stuðning og því er ráðgjöfin oft samofin margþættum stuðningi.

Til þess að stuðningurinn skili sem mestum og bestum árangri er áhersla lögð á samvinnu við önnur svið bæjarins og stofnanir. Má þar nefna samvinnu við fræðslu

svið, búsetusvið, HSN á Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK), VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Vinnumálastofnun og SÁÁ. Samstarf í einstaklingsmálum fer fram í samráði við og með samþykki viðkomandi einstaklings og er oft lykilatriði í því að ná samfelli og árangri.

Ráðgjöf vegna barna og unglunga

Ráðgjafar í félagsþjónustu veita foreldrum og forráðamönnum ráðgjöf og stuðning vegna uppeldis barna og unglunga. Ráðgjöfin er oft veitt í samvinnu við þjónustu í öðrum málaflokkum, bæði skólaþjónustu fræðslusviðs og barnavernd. Auk þess að veita ráðgjöf vegna barna er einnig veitt önnur ráðgjöf er snýr að samskiptum í fjölskyldu.

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu

Einstæðir foreldrar sem hafa engan eða lítinn stuðning frá hinu foreldrinu, hafa litla aðstoð af stórfjölskyldunni og búa við mikla félagslega erfiðleika geta að undangengnu mati ráðgjafa fengið

stuðningsfjölskyldu tvo sólarhringa í mánuði. Markmiðið með stuðningsfjölskyldum er að hvíla foreldra og veita börnunum tilbreytingu við þroskavænleg skilyrði. Á árinu fengu 15 börn stuðningsfjölskyldu miðað við 8 börn árinu áður og voru það 10 fjölskyldur sem tóku börnin til sín.

Ráðgjöf vegna fjármála


Ráðgjöf og leiðbeiningar vegna fjármála miða að því að aðstoða fólk við að koma fjármálum sínum í betra horf. Það getur falist í því að skoða hvernig hægt er að auka tekjur og/eða minnka útgjöld, upplýsa um og aðstoða við að sækja rétt sinn hjá öðrum aðilum svo sem sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum, Tryggingastofnun eða Vinnumálastofnun. Ráðgjöfin getur einnig falist í aðstoð við að skoða neyslunetur og leiðbeiningum um úrræði vegna skulda og greiðsluvanda.

Vinumarkaðsúrræði

Í allri ráðgjöf varðandi fjárhagsaðstoð er vinnufærni metin í samvinnu við umsækjanda. Í kjölfarið er reynt að finna rétt úrræði og veita viðeigandi aðstoð til að leita að vinnu eða takast á við veikindi.


Mikil áhersla hefur verið lögð á að finna viðeigandi vinnutengd úrræði fyrir vinnufæra einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð. Einstaklingar sem ekki eru vinnufærir og/eða þurfa endurhæfingu til að endurheimta vinnugetu sína eru aðstoðaðir við að fá hjálp innan heilbrigðiskerfisins. Í þeim tilvikum er mikið og náið samstarf við VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Geðdeild SAK og HSN á Akureyri.

Atvinnuáttak Akureyrarbæjar er ætlað þeim sem ekki eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun og fá fjárhagsaðstoð frá fjölskyldusviði. Í stað þess að greiða fjárhagsaðstoð er þessum einstaklingum boðin vinna á ýmsum sviðum bæjarins. Á árinu var kr. 13.522.982 varið í verkefnið sem átta einstaklingar nýttu sér í lengri eða skemmri tíma.



Mynd 5

Á mynd 5 má sjá hversu margir voru í sérstaka atvinnuáttakinu hvert ár frá 2015 en í heild hafa 29 einstaklingar verið í vinnu þar á þessum árum. Á mynd 6 má sjá að 11 fengu fastráðningu í kjölfarið, fjórir unnu sér inn rétt til atvinnuleysisbóta, tíu einstaklingar fóru aftur á framfærslu og ekki er vitað um tvo. Rétt er að taka fram að um áramót voru tveir í sérstaka atvinnuáttakinu og því aðeins getið um 27 einstaklinga á þessari mynd.



Mynd 6

Atvinnuástand í landinu hefur skánað mikið og því hefur verið reynt að koma sem flestum í vinnu í gegnum Vinnumálastofnun en atvinnuátakið hentar þeim sem þurfa að geta sannað sig á vinnumarkaði eftir langvarandi fjarveru.

Fjölsmiðjan á Akureyri er vinnusetur fyrir ungt fólk 16-24 ára sem hvorki er í skóla né vinnu. Á vinnustaðnum er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnu og námi þannig að ungmennin geti betur tekið ákvörðun um framtíð sína að lokinni veru sinni þar. Að Fjölsmiðjunni standa auk Akureyrarbæjar, Rauði Krossinn, Vinnumálastofnun, Eining-Iðja og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Ungmennin fá greidd laun fyrir vinnu sína og var greitt til Fjölsmiðjunnar vegna 35 einstaklinga sem þar störfuðu.

Ráðgjöf vegna neyslu

Neysla áfengis og annarra vímuefna er í sumum tilfellum stór vandi þeirra er leita til félagsþjónustunnar. Þeir einstaklingar eiga oft erfitt með að halda atvinnu og eru ekki gjaldgengir í endurhæfingu og þjónustu t.d. hjá Virk fyrir en hálfu ári eftir að neyslu lýkur. Því er oft mikið og náið samstarf við þær stofnanir sem veita meðferð s.s. SÁÁ, geðdeildir, Krýsuvíkursamtökin, Samhjálp og fleiri. Í mörgum tilfellum eru einstaklingar aðstoðaðir við að komast í meðferð og reynt að veita stuðning eftir að meðferð lýkur.

Nauðungarvistun


Ef einstaklingur er það andlega veikur að hann telst hættulegur sjálfum sér eða öðrum er hægt að óska eftir að hann verði lagður inn nauðugur á sjúkrahús í allt að 21 dag. Einungis félagsþjónustur sveitarfélaga geta óskað eftir nauðungarvistun. Er það gert þegar það er talið réttmætt eftir tilmælum frá aðila sjálfum, vandamönnum, vinum hans eða vitneskja fengist um hag einstaklingsins með öðrum hætti.

Á árinu var þrisvar sinnum óskað eftir nauðungarvistun sem er fækkun frá 2016 er fimm sinnum var óskað eftir nauðungarvistun.

Fjárhagsaðstoð

Árið 2017 voru útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar kr. 119.939.216 að teknu tilliti til endurgreiddra lána og annarra endurgreiðslna sem voru kr. 15.89.061. Fjárhagsaðstoð lækkaði um kr. 24.720.635 eða 17.09% frá árinu 2016 og styrkþegum fækkaði lítillega eða um 6%; þeir voru 359 árið 2016 en fóru niður í 340 á síðasta ári. Ibúar Akureyrar voru þann 1. desember 2017 alls 18.786, hlutfall íbúa Akureyrarbæjar sem þáðu fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftar á árinu 2017 var 1,81%. Hlutfallið hélt áfram að lækka samanborið við fyrri ár, sjá mynd 8.

Fjöldi barna 0-17 ára á heimilum sem þáðu fjárhagsaðstoð var 219 árið 2017 sem er 28 börnum færri en 2016 þegar þau voru 247.



Mynd 7


Árið 2017 var framfærslugrunnur til einstaklinga kr. 157.567 og til hjóna kr. 252.107, framfærslugrunnur er óháður því hvort barn eða börn búi á heimilinu en á móti eru greiðslur vegna barna s.s. barnabætur og barnalífeyrir ekki reiknaðar inn með tekjum umsækjenda.

Fjárhagsaðstoð – fjölskyldugerð

Fjölskyldugerð	2015	2016	2017
Einst. foreldrar	98	110	96
Einhleypir	233	216	212
Hjón með börn	24	26	26
Barnlaus hjón	8	7	6
Skjólstæðingar samtals	363	359	340

Tafla 7

Fjölskyldugerð styrkþega í fjárhagsaðstoð 2017 má sjá í töflu 7 og á mynd 8 og þar er einnig staðan 2015 og 2016 til samaburðar. Fram kemur að einhleypir karla eru ennþá fjölmennasti hópurinn, en einhleypar konur og einstæðar mæður er jafn stór hópur og er hvor hópur 26% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð.




Mynd 8

Fjárhagsaðstoð – atvinnustaða

Atvinnustaða	2015	2016	2017
Í fullu starfi	50	50	40
Í hlutastarfi	11	14	18
Atvinnulausir með bótarétt	39	36	29
Atvinnul. án bótarettar	77	83	83
Ellilífeyrisþegar	6	5	4
Sjúklingar	84	83	80
Heimavinnandi	1	2	0
Nemar	10	8	10
Öryrkjar	73	70	65
Annað t.d. fólk í fæðingarorlofi	12	8	11
Samtals	363	359	340

Tafla 8


Í töflu 8 sem og á mynd 9 er atvinnustaða styrkþega í fjárhagsaðstoð 2017 borin saman við stöðuna árin 2015 og 2016. Þar má sjá að hlutfall „atvinnulausir án bótarettar“ hefur stækkað en hlutfall „sjúklingar“ stendur í stað eða 23%, atvinnulausum án bótarettar hefur fjölgað um 2% frá árinu 2015 en sjúklingar staðið í stað; þeir styrkþegar sem tilheyra hópnum sjúklingar eru í langflestum tilfellum einstaklingar á bið eftir örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Í heildina eru ekki miklar breytingar á atvinnustöðu. Það skal tekið fram að allir einstaklingar í Fjölsmiðju hafa atvinnustöðuna „í fullu starfi“ og eru þar með stærsti hluti þess hóps.




Mynd 9

Þróun fjárhagsaðstoðar

Samþykktum umsóknum í fjárhagsaðstoð fækkar um 193 milli árunna 2016 og 2017. Þær fóru úr 1350 í 1157 sem er fækkun um 15%. Samþykktar umsóknir á hvern styrkþega eru aðeins færri en árið áður.



Mynd 10



Mynd 11

Styrkþegum fækkar milli ára eins og áður hefur komið fram og hafa ekki verið færri síðan 2007 og útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar lækkar milli ára. Meðaltals heildargreiðsla til hvers styrkþega lækkar einnig og fer úr kr. 410.849 árið 2016, í kr. 350.699, sjá mynd 11. Líklegasta skýringin er að færri fá fjárhagsaðstoð marga mánuði ársins.

Á mynd 12 má sjá þróun útgjalda í fjárhagsaðstoð framreiknað frá 2007 til 2017 miðað við vísitölu launa í júlí hvers árs. Þar kemur fram að útgjöld hafa náð hámarki 2013-2014 og síðan þá hafa þau farið lækkandi.




Mynd 12

Aldursskipting styrkþega

Nokkur breyting er á aldursskiptingu styrkþega í fjárhagsaðstoð á árunum 2015-2017 eins og sjá má í töflu 11 og á mynd 13. Þannig fækkar hlutfallslega í hópi þeirra sem eru 21-25 ára og í heild hefur hlutfall 25 ára og yngri lækkað þó svo að hlutfallsleg fjölgun hafi orðið í hópi þeirra sem eru yngri en 20 ára. Aðeins 1% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eru eldri en 68 ára og þess má geta að algengasta ástæða aðstoðar til 68 ára og eldri er vegna útfararkostnaðar.

	2015	2016	2017
20 ára og yngri	39	54	48
21 - 25 ára	90	66	57
26 - 67 ára	226	235	230
68 ára og eldri	8	4	5
Alls	363	359	340

Tafla 9




Mynd 13

Grunnframbærsla og aðstoð skv. heimildakafla


Fjárhagsaðstoð skv. reglum velferðarráðs Akureyrarbæjar skiptist í tvo hluta, annars vegar í frambærslu sem jafnframt er stærsti hlutinn og hins vegar í greiðslu samkvæmt svokölluðum heimildakafla. Frambærsla var á árinu 2017 alls 68% af heildarfjárhagsaðstoð, viðbótarframbærsla var óverulegur hluti eða 1% en greiðslur úr heimildakafla voru 31%. Greiðslur skv. heimildakafla eru af ýmsu tagi og má þar nefna: greiðslur til foreldra vegna barna á þeirra frambærslu, greiðslur vegna lyfja- og lækningakostnaðar, lán vegna tryggingargjalds í íbúð og kostnað vegna endurhæfingar. Greiðslur til Fjölsmiðju falla einnig undir heimildakafla og það gera einnig námsstyrkir og jólastyrkir (sérstök fjárhagsaðstoð í desember).

Samanburð á skiptingu fjárhagsaðstoðar á árunum 2015 – 2017 má sjá á mynd 14.




Mynd 14

Fjárhagsaðstoð um lengri eða skemmri tíma



Mynd 15


Styrkþegar fjárhagsaðstoðar þurfa oft á langtíma aðstoð að halda, sumir þiggja fjárhagsaðstoð um lengri tíma jafnvel árum saman en aðrir í nokkra mánuði. Þegar borin eru saman árin 2015 til 2017 má sjá að heldur lækkar hlutfall þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð tvö ár í röð. Tæplega 53% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð 2015 fengu einnig aðstoð árið áður en árið 2017 hafði 45% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð einnig fengið aðstoð árið 2016, sjá myndir 15 og 16.




Mynd 16

Samfelld fjárhagsaðstoð í 3-6 mánuði og lengur.

Líkt og greint var frá áður þurfa þó nokkuð margir að þiggja fjárhagsaðstoð um langan tíma jafnvel í einhver ári. Athuganir á því hversu lengi samfelld fjárhagsaðstoð varir eru gerðar tvisvar á ári, um mitt ár og í árslok. Þegar fjárhagsaðstoð árið 2017 er skoðuð má sjá að fyrri hluta ársins voru 19 sem fengu aðstoð einu sinni eða oftár í hverjum mánuði í þrjá mánuði samfelld á móti 23 árið 2016 og 22 árið 2015. Þeir sem fengu aðstoð í fjóra mánuði samfelld fækkaði frá 20 í 17 milli árána 2016 og 2017 og um einn í hópi þeirra sem fékk samfelld aðstoð í fimm mánuði. Alls 21 styrkþegar fengu aðstoð einu sinni eða oftár í hverjum mánuði alla sex fyrstu mánuði ársins sem er mikil fækkun frá tveimur árum á undan þegar 36 fengu aðstoð alla sex mánuðina, sjá mynd 17.



Mynd 17




Mynd 18

Einnig fækkaði þeim sem fengu langtíma samfellda fjárhagsaðstoð seinni helming ársins 2016 en eins og sést á mynd 18 fjölgaði þó þeim sem fengu fjárhagsaðstoð í fimm mánuði samfellt seinni helming ársins. Þeir sem fengu fjárhagsaðstoð alla sex mánuðina fækkaði hinsvegar frá 21 árið 2016 í 13 árið 2017.

Það skal þó tekið fram að langflestir fengu fjárhagsaðstoð um skamma hríð eða í 1-3 mánuði.

Þegar allt árið 2017 var skoðað m.t.t. langtíma samfelldrar fjárhagsaðstoðar kom í ljós að fimm styrkþegar eða 3,1% af heildarfjölda höfðu fengið aðstoð einu sinni eða oftar í hverjum mánuði ársins sem er fækkun frá árinu 2016 þegar 3,1% af heildarfjölda fengu styrk allt árið og hlutfallið var 5% árið 2015, sjá mynd 19.




Mynd 19

Þjónusta við nágrannasveitarfélög

Nágrannasveitarfélögin Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur eru aðilar að samningi um ráðgjafarþjónustu við Akureyrarbæ. Íbúar þessara sveitarfélaga sækja sér ýmsa þjónustu til fjölskyldusviðs skv. þeim samningi s.s. félagslega ráðgjöf og einnig er tekið við og unnið úr umsóknum um fjárhagsaðstoð.

Fjöldi þeirra sem sótti sér slíka þjónustu árið 2017 var 12 sem er fækkun frá árinu 2016. Umsóknum um fjárhagsaðstoð fækkaði í nágrannasveitarfélögum eins og á Akureyri á milli árunna 2016 og 2017, þær fóru úr 45 í 25.



Mynd 20

Húsnæðismál

Um áramótin 2016/2017 voru gerðar stjórnsýslubreytingar og flutti umsýsla leiguíbúða frá fjársýslusviði til fjölskyldusviðs. Fjölskyldusvið annast nú móttöku umsókna og umsjón með umsóknarlista, úthlutanir, gerð leigusamninga, umsjón með greiðslu húsaleigu og eftirlit með að skilyrðum sé fullnægt. Í árslok 2017 voru 121 á umsóknarlista eftir íbúð hjá Akureyrarbæ sem er 22 færri en áramótin á undan er 143 voru á listanum. Auk þess óskuðu 20 leigjendur eftir flutningi innan kerfisins í hentugra húsnæði sem er níu færri en áramótin á undan.

Skipting umsókna eftir stærð íbúða um áramót má sjá í töflu 10.

Stærð íbúða	Nýjar umsóknir	Umsóknir um flutning	Samtals umsóknir	Áætlaður biðtími
2 herbergja	71	8	79	4 ár
3 herbergja	26	3	29	1,5 ár
4 herbergja	19	3	22	1,5
5 herbergja	5	6	11	óvíst
Samtals	121	20	141	

Tafla 10

Sundurliðun á fækkun ársins er þannig að fækkun varð um 12 á 2ja herbergja umsóknarlistanum og fimm færri óska eftir flutningi í hentugri 2ja herbergja íbúð. Því eru alls 17 færri að biða nú eftir 2ja herbergja íbúðum en fyrir ári. Á 3ja herbergja biðlistanum fækkaði um tvo, en einnig eru tveim færri að óska eftir flutningi í 3ja herbergja íbúð. Alls fækkaði um átta á 4ra herbergja biðlistanum og um tvo sem sótt hafa um flutning í hentugra 4ra herbergja húsnæði. Líkt og fyrir ári eru fimm á biðlista eftir 5 herbergja íbúð. Þá óska sex eftir flutningi í 5 herbergja íbúð. Samandregið hefur þeim aðilum, sem sækja um flutning úr núverandi íbúð í hentugra húsnæði, fækkað um níu frá síðasta ári.

Í töflu 11 má sjá þróun biðlista frá áramótum 2015 fyrir utan þá sem sækja um flutning. Eins og sjá má hefur fækkað á biðlista í öllum stærðum íbúða.

Herbergjafjöldi	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2017
2 herbergja	105	83	71
3 herbergja	30	28	26
4 herbergja	23	27	19
5 herbergja	5	5	5
Samtals	163	143	121

Tafla 11

Árið 2017 bárust 100 umsóknir um leiguíbúð hjá Akureyrarbæ. Árið 2016 voru þær 120, árið 2015 voru þær 112. Umsóknafjöldi er þannig aðeins lægri heldur en verið hefur. Samþykktar umsóknir voru 61 en 39 umsóknum var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki settar reglur eða umbeðin gögn bárust ekki. Á árinu 2016 bárust 120 umsóknir um leiguíbúð hjá Akureyrarbæ þar sem samþykktar umsóknir voru 77 en 43 umsóknum var hafnað.

Á árinu 2017 fengu 49 umsækjendur úthlutun, þar sem 48 samþykktu en aðeins einn hafnaði. Leigjendaskipti voru 43 á árinu þar sem fimm íbúðir höfðu ekki verið afhentar um áramót vegna viðhalds. Þessi fjöldi er í takt við leigjendaskipti undanfarinna ára, þó eilítið meiri. Þannig voru leigjendaskipti á árinu 2016 alls 40 og árið 2015 voru þau 42.

Fjöldi leiguíbúða í eigu Akureyrarbæjar er nú 312 með 339 eignarhlutum en tvær 3ja herbergja íbúðir og ein 4ra herbergja íbúð voru keyptar á árinu.

Með fjölda leiguíbúða eru taldar íbúðir sem eru í þjónustukjörnum svo sem gömlu herbergjasambýlin. Herbergjafjöldi íbúða í eigu bæjarins skiptist í samræmi við töfluna hér að neðan.

Íbúðastærð	Leiguíbúðir almennar	Leiguíbúðir Hrísey	Leiguíbúðir Grímsey	Leiguíbúðir fyrir fatlaða	Leiguíbúðir FÉSTA	Leigðar íbúðir v/ fatlaðs fólks	Samtals
1 herbergi				25			25
2 herbergi	112	5		27	6	16	166
3 herbergi	79	1	3		5	3	91
4 herbergi	46	1					47
5 herbergi	7	1					8
6 herbergi				2			2
Samtals	244	8	3	54	11	19	339

Tafla 12

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í byrjun árs var tekinn upp sérstakur húsnæðisstuðningur sem byggði á lagabreytingum og tóku reglur Akureyrarbæjar gildi í janúar 2017. Auk þess sem litið er til eigna og tekna við útreikning þá er einnig lagt mat á félagslega stöðu fólks og þeir einir sem uppfylla viss skilyrði fá stuðninginn.

Alls sóttu 576 um sérstakan húsnæðisstuðning og fengu 393 einstaklingar greiðslur til lengri eða skemmri tíma. Meðaltalsfjöldi samþykktra umsókna í hverjum mánuði var 230. Meðaltalsupphæð á hverja afgreidda umsókn var kr.18.936.

4.2 Sérhæfð félagsþjónusta

Auk almennrar ráðgjafar sinnir félagsþjónustan sérstakri ráðgjöf vegna fatlaðra barna og fullorðinna. Um er að ræða einstaklinga þar sem almenn úrræði hafa ekki reynst nægjanleg og leita hefur þurft eftir úrræðum er sérstaklega eru ætluð fötluðu fólki skv. lögum. Mikil samvinna er við búsetusvið sem veitir mörgum þessara einstaklinga viðamikla þjónustu. Um það bil 430 einstaklingar, börn og fullorðnir, eru á skrá yfir þá sem hafa fengið einhverja þjónustu vegna fötlunar.

Samþætting þjónustu/teymisvinna

Samvinna fagaðila sem koma að þjónustu við fatlað fólk er mikilvæg og samþættingu er beitt í auknum mæli. Fjölskyldur og hin ýmsu kerfi sveitarfélagsins vinna saman að því að útbúa heppilega lausn fyrir hvern og einn.

Þegar þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra er komið á er unnið í teymisvinnu. Hún felur í sér að allir aðilar sem koma að hverju barni vinna saman. Reglulega er fundað og miðast fjöldi teymisfunda við þarfir barnsins, fjölskyldu þess og meðferðaraðila. Um getur verið að ræða fundi sem eru tvisvar til þrisvar á ári eða að aðilar hittist einu sinni í mánuði. Á árinu 2017 urðu þær breytingar í stjórnkerfi Akureyrarbæjar að sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla færðist til fræðsluviðs sem minnkaði svigrúm fjölskyldusviðs til að vera þátttakandi í teymisvinnu vegna fatlaðra barna. Unnið var verklag milli sviða til að halda utan um þá verkþætti sem breyttust. Aukið svigrúm mun gefast í þessa vinnu á árinu 2018 þegar nýtt stöðugildi bætist við í þessa þjónustu.

Teymisvinna heldur í mörgum tilfellum áfram þegar ungmenni fara í framhaldsskóla og hefur verið að aukast síðustu ár, sérstaklega í þeim málum þar sem um flóknar þjónustubarfir er að ræða.

Teymisvinna í málefnum fullorðins fólks hefur einnig verið skipulögð og í seinni tíð hafa sífellt fleiri mál verið unnin þannig. Þá kemur þjónustukerfið allt að borðinu og fundnar eru bestu hugsanlegu lausnir fyrir einstaklinginn. Þjónustubeginn, eða fulltrúi hans, taka þátt í þessari samvinnu eins og hægt er. Teymisvinna í kringum ákveðna tegund þjónustu, s.s. búsetuþjónustu eða heimili með umfangsmikla þjónustu, er mikil og skilar árangri í samhæfðari vinnubrögðum og betri þjónustu.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldusviðs og búsetusviðs. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Á árinu 2017 voru gerðir sambærilegir samningar og árið áður, alls fimm samningar vegna sex einstaklinga. Um er að ræða þrjú fullorðna og þrjú börn.

NPA er tilraunaverkefni sem átti að ljúka í árslok 2014 en því var framlengt um þrjú ár eða til ársloka 2017.

Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel. Þróun samningagerðar mun halda áfram og einnig þarf að vinna áfram við að finna bestu lausnirnar varðandi það skilaform sem Akureyrarbær gerir kröfur um er varðar fjárhagsleg skil en það hefur verið þróað í samvinnu við fjárreiðudeild bæjarins.

Sérstök ráðgjöf vegna fötlunar

Fatlaðir einstaklingar sem búa hjá foreldrum eða í búsetu með þjónustu hafa aðgang að sérhæfðri ráðgjöf hjá félagsþjónustunni. Ráðgjöfin snýr að ýmsu því sem varðar búsetu, fjármál, atvinnumál og önnur persónuleg mál. Milli 90-100 einstaklingar og fjölskyldur þeirra voru í tengslum við ráðgjafa á fjölskyldusviði á árinu og fengu sérhæfða ráðgjöf.

Áhersla hefur verið lögð á að fatlað fólk sem fær þjónustu á heimili sínu eigi tengilið á fjölskyldusviði þar sem viðkomandi getur komið óskum sínum um aðstoð og annað í daglegu lífi á framfæri. Ráðgjafinn er í mikilli samvinnu við búsetusvið. Síðari ár hefur samvinna við réttindagæslumann fatlaðra aukist jafnt og þétt. Fulltrúar fjölskyldusviðs auk búsetusviðs sitja í teymum sem mynduð hafa verið um búsetu og ýmis önnur samstarfsverkefni. Ráðgjafar í málefnum fatlaðs fólks veita öðrum sviðum og þjónustustofnunum bæjarins ráðgjöf varðandi þarfir og aðstoð auk þess sem mikil samvinna er við aðrar stofnanir, bæði á Akureyri og annars staðar á landinu.

Eins og áður hafa starfsmenn fjölskyldusviðs tekið þátt í verkefni á landsvísu sem snýr að samskiptum kynjanna. Unnið er út frá kennsluefninu „Verum örugg“ sem María Jónsdóttir, félagsráðgjafi bjó til og hefur gefist vel. Ungt fatlað fólk sem sækir ráðgjöf á fjölskyldusvið fær fræðslu út frá efninu þar sem mikil áhersla er lögð á kynheilbrigði og samskiptareglur. Að auki hafa sjö einstaklingar fengið víðtæka fræðslu og kennslu út frá sama kennsluefni á sl. ári.

Snemmtæk íhlutun

Á fjölskyldusviði er unnið eftir hugmyndafræði snemmtæktrar íhlutunar er varðar fötluð börn. Mikilvægt er að styðja fjölskyldur yngstu barnanna strax þegar fötlun uppgötvast. Fyrstu kynni foreldra af þjónustunni og þeim aðilum sem veita hana skiptir miklu og þess vegna er sérstök áhersla lögð á þennan hluta hennar. Þroska- og leikþjálfun er í boði, tekið er þroskamat á börnum þegar það á

við og fræðsla um fatlanir, uppeldi og fleira er veitt til foreldra. Leikfangasafn er starfrækt á sviðinu en það er búið þjálfunargögnum til útláns. Auk yngstu barnanna hafa öll börn með sérkennslu á leikskólum á svæðinu aðgang að safninu.


Á árinu fengu 12 börn og fjölskyldur þeirra snemmtæka íhlutun í heimahúsi miðað við átta árið á undan. Þessi fjölgun sem hefur orðið síðustu ár er aðallega vegna breytts vinnulags en reynt er að grípa inn í með aðstoð þó ekki sé um staðfesta fötlun að ræða.

Til að ná sem best til allra barna og auka möguleika á að finna börn með sérþarfir eru reglulegir samráðsfundir við barnadeild Sjúkrahússins á Akureyri og mikil samvinna er við Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra.

Umönnunarmat

Framfærendur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldusviðs er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir fötluð börn. Einnig aðstoðar sviðið einstaka foreldra við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat.

Í desember 2017 voru á skrá hjá fjölskyldusviði 171 fjölskylda með umönnunargreiðslur vegna fötlunar barns. Um er að ræða fjölgun um eitt barn frá fyrra ári, sjá mynd 21.



Mynd 21

Flest börnin eða 157 búa á Akureyri en 14 í öðrum sveitarfélögum á þjónustusvæðinu, sjá töflu 13. Alls voru 69 umsóknir um umönnunargreiðslur afgreiddar á fjölskyldusviði á árinu sem eru fimm fleiri en árið 2016.

Fötluð börn á skrá 2017 - skipt eftir lögheimili						
Umönnunarflokkar						
	1	2	3	4	Annað	Alls
Akureyri	8	53	80	16		157
Eyjafjarðarsveit	1	2	2			5
Grýtubakkahreppur			1			1
Hörgársveit			2	1		3
Svalbarðsstrandahreppur		1	4			5
Samtals	9	56	89	17		171

Tafla 13

Fötluð börn radast í þrjá umönnunarflokka fyrsta, annan og þriðja flokk þar sem mest fötluðu börnin eru í flokki eitt. Í 4. flokki eru börn sem metin eru í sambærilegri stöðu og börn í 3. flokki eða bíða frekari greiningar á Greiningarstöð.

Þegar skoðuð er þróun síðustu sjö ára í skiptingu umönnunarflokka sést að það fækkar börnum í 2. flokki en fjölgar í 3. flokki og í þeim fjórða. Árið 2011 voru börn í 4. flokki ekki talin með en breytt

vinnulag Tryggingastofnunar gerir það að verkum að börn sem áður hefðu farið í 3. flokk og þurfa þjónustu úr málaflokki fatlaðra eru nú í 4. flokki og eru talin með sem fötluð á þessu svæði, sjá töflu 3. Þessi breyting er ekki til bóta því hún getur haft áhrif á framkvæmd þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra og er til þess fallin að búa til misræmi á landsvísu þar sem skilgreiningar á því hvaða börn fá þjónustu helst oft í hendur við þessa flokkun. Þessar breytingar geta kallað á það að skilgreina þurfi upp á nýtt rétt á þjónustu og ekkert víst að það verði gert eins allstaðar á landinu.

Umönnunarbætur þróun 2011 - 2017							
Flokkur	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
1	9	7	6	7	8	9	9
2	70	66	65	64	60	58	56
3	73	67	65	74	85	85	89
4	0	6	9	12	15	18	17
	152	146	145	157	168	170	171

Tafla 14

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur eru í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um málefni fatlaðs fólks. Markmiðið er að létta álagi á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

Fötluð börn geta oft á tíðum síður en önnur börn nýtt sér almenn tilboð á sviði íþróttar og tómstunda. Með því að veita börnum og fjölskyldum þeirra stuðningsfjölskyldu er reynt að rjúfa þá félagslegu einangrun sem fötlun barns í fjölskyldu getur haft í för með sér. Einnig gefur stuðningsfjölskylda börnunum tækifæri til að upplifa það að gista hjá vinum eins og börn almennt upplifa í nærumhverfi sínu.

Þörf fyrir stuðningsfjölskyldu er metin í hverju tilfelli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarbunga, stigs fötlunar og félagslegra aðstæðna. Við val á stuðningsfjölskyldu er tekið mið af þörfum fatlaða barnsins. Gerðir eru verktakasamningar við stuðningsfjölskyldur.

Á árinu 2017 voru 30 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa á mánuði, sjá töflu 4. Alls voru veittir 923 sólarhringar í þessa þjónustu, sjá töflu 5. Miðað við árið á undan er um verulega fjölgun sólarhringa að ræða en færri börn sem njóta þjónustunnar. Í árslok voru sex börn á bið eftir þjónustu og er ástæðan skortur á fjölskyldum sem eru tilbúnar að taka þetta hlutverk að sér.

Stuðningsfjölskyldur - þjónustusólarhringar			
	2015	2016	2017
Þjónustuflokkur I	416	296	477
Þjónustuflokkur II	464	245	182
Þjónustuflokkur III	112	327	264
Alls	992	868	923

Tafla 15

Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu			
	2015	2016	2017
Þjónustuflokkur I	10	9	10
Þjónustuflokkur II	21	11	8
Þjónustuflokkur III	5	16	12
Alls	36	36	30

Tafla 16

Styrkir til náms og tækjakaupa

Styrkir til náms og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Styrkir til greiðslu námskeiðs- og skólagjalda voru látnir ganga fyrir styrkjum til tækjakaupa. Alls bárust 28 gildar umsóknir, 23 voru vegna námskostnaðar og fimm vegna tækjakaupa frá 20 einstaklingum. Úthlutað var kr.1.285.158.- sem er heldur lægri upphæð en úthlutað var árinu áður.



5 Þjónustudeild

Í kjölfar stjórnsýslubreytinga á árinu var skrifstofan, auk Öskjunnar sett undir einn forstöðumann. Þetta er sú starfsemi sviðsins sem vinnur þvert á málaflokka.

5.1 Skrifstofa fjölskyldusviðs

Á skrifstofu fjölskyldusviðs eru þrír starfsmenn, einn móttökuritari, skrifstofustjóri og sérfræðingur. Þeir sinna þjónustu við aðra starfsmenn sviðsins og þjónustuþega. Meðal verkefna er móttaka, símsvörun, bókhald og öll fjárhagsleg umsýsla. Launavinnsla og frágangur er varðar ráðningar á fólki er á verksviði skrifstofu auk greiðslu fjárhagsaðstoðar til skjólstæðinga félagsþjónustu. Skrifstofan ber ábyrgð á að skjalavistun sé í samræmi við lög, reglugerðir og skjalavistunaráætlun bæjarins. Hún hefur umsjón með þeim upplýsingum um fjölskyldusvið sem eru á heimasíðu Akureyrarbæjar og annast í samráði við aðra starfsmenn þróun rafrænna upplýsinga um starfsemina.

5.2 Askjan

Askjan hefur það að markmiði að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra. Um er að ræða ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknna inn á heimili. Ráðgjafi í málaflokki fatlaðra hefur haft umsjón með úrræðinu frá upphafi. Sérstakur vinnuhópur er starfandi þvert á málaflokka og er hlutverk hans að halda utan um úrræðið. Um er að ræða þróunarstarf sem allir hlutaðeigandi sinna af miklum metnaði. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustunni. Tilvísanir koma frá félagsþjónustu og barnavernd auk þess sem ákveðið var að skólaþjónustan á fræðslusviði hefði áfram aðgang að Öskjunni og tæki þátt í þróun hennar. Málin eru misflókin. Þau mál sem koma frá barnaverndinni eru oftast tímafrekari en önnur í vinnslu og aðstoðin víðtækari. Mál sem taka styttri tíma í vinnslu eru t.d. heimili einhverfra barna þar sem foreldrar fá aðstoð við að setja upp sjónrænt skipulag sem snýr að þörfum barnsins. Einnig hafa starfsmenn haldið fjölskyldufundi og verið með handleiðslu við starfsfólk t.d. í heimaþjónustu sem vinnur inn á heimilum.

Á árinu 2017 var hafin vinna í 24 málum og vinnslu lokið í 21 máli. Flest mál voru í ferli í 5-8 mánuði og í árslok voru 22 mál í vinnslu. Alls var unnið í 43 málum á árinu og voru fjórar fjölskyldur á biðlista um áramót.

5.3 Notendaráð í málaflokki fatlaðra

Frá 1999 hefur félagsþjónustan haldið úti samráði við Þroskahjálp á Norðurlandi eystra. Á árinu 2016 var það samráð lagt niður og Akureyrarbær sótti um styrk til Velferðarráðuneytis með það að markmiði að koma á fót notendaráði fyrir fatlað fólk. Styrkur fékkst, gerðar voru reglur um samráðið og Þroskahjálp, Sjálfsbjörg á Akureyri og Grófinni boðin þátttaka. Á árinu 2017 voru haldnir sex fundir þar sem margvísleg málefni voru rædd og kynnt ýmis þjónusta sem er í boði. Gert er ráð fyrir

að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera með ávinningi fyrir notendur og kerfið sjálft. Þannig komi notendur þjónustunnar betur sínum sjónarmiðum á framfæri og þjónustan verður þéttari og betri.

5.4 Nýsköpun í þjónustu

Starfsmenn sviðsins unnu að nýsköpun og tóku við nýjum verkefnum á árinu.

Mikil sérþekking hefur orðið til hjá starfsfólki sviðsins um einhverfu og hafa viðkomandi aðilar staðið fyrir námskeiðum til þess að miðla þekkingu og aðferðum varðandi þjónustu við einhverf börn. Með sérfræðiþjónustu skóla fór hluti af þeirri þekkingu en í nýju skipulagi var byggt á því vinnulagi sem verið hafði og fræðsla, m.a. til foreldra einhverfra barna hélt áfram. Á haustdögum var ákveðið að þetta enn vinnulag í kring um einhverft fullorðið fólk og hrinda af stað verkefni sem beinist að því að auka ráðgjöf vegna þeirra einstaklinga sem sækja þjónustu til fjölskyldu- og búsetusviðs. Gerð var verkefnalýsing sem hafist var handa við að vinna eftir og er þeirri vinnu ekki lokið.

Öðru verkefni var hrint í framkvæmd í samvinnu fjölskyldu-, búsetu- og samfélagssviðs er varðaði tómstundaþjónustu fyrir fötluð börn, undir nafninu Kapparnir. Um er að ræða sumarvistun fyrir fötluð börn 7-10 ára sem geta illa nýtt sér almenn tilboð yfir sumartímann. Mikil ánægja var hjá foreldrum barnanna og stefnt er að því að bjóða aftur upp á þessa þjónustu næsta sumar.

Haustið 2017 var unnið að því að gera nýtt vinnulag varðandi útskriftarnema af starfsbraut 3 í VMA sem eru þeir nemendur sem hafa flóknustu þarfirnar. Verkefnið er samstarfsverkefni fjölskyldusviðs, búsetusviðs, Vinnumálastofnunar og Verkmenntaskólans á Akureyri og hefur það að markmiði að bæta þjónustu við þennan hóp m.a. með meiri samvinnu þeirra aðila sem að verkefninu standa.

6 Skógarlundur



Mynd: Skógarlundur

Í Skógarlundi er fötluðu fólki veitt þjónusta í formi hæfingar og iðju, sbr. 26. gr. laga um málefni fatlaðs fólks frá 1992. Þar segir „*Fatlað fólk skal njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa sem og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, sem og dagvistarstofnanir fyrir fatlað fólk sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun.*“

Markhópur Skógarlundar er fatlað fólk sem ekki hefur getu til að starfa á vinnumarkaði og er á aldrinum 20 til 70 ára.

Markmið Skógarlundar eru m.a. eftirfarandi

- ★ Einstaklingur upplifi vellíðan og öryggi.
- ★ Efla frumkvæði einstaklings.
- ★ Einstaklingur sé í virkni
- ★ Efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklingsins.
- ★ Viðhalda og auka þá færni sem einstaklingur hefur náð.
- ★ Einstaklingur útskrifist í starfsþjálfun.

Tölulegar staðreyndir um þjónustu fyrir árið 2017

Í Skógarlundi fengu 50 einstaklingar þjónustu á árinu 2017. Í árslok voru þeir 47 en 3 þjónustuþegar létust á árinu. Þjónustustundir voru 44.496 klukkustundir og fækkaði þeim frá árinu 2016. Ástæða fækkunar þjónustustunda er m.a. sú að margir notenda eru farnir að reskjust, orðnir getuminni og óska eftir því að fara ekki í eins mikla þjónustu utan heimilis.

Notendur í þjónustu Skógarlundar fengu allir þjónustu að hámarki fjórar klukkustundir á dag, utan einn. Í árslok 2017 voru 17 starfsmenn í starfi í 14,90 stöðugildum. Vegna veikinda og fæðingarorlofs starfsmanna störfuðu í heildina 23 starfsmenn á árinu í Skógarlundi, á mismunandi tímum.

Starfið í Skógarlundi er í stöðugri þróun. Meiri áhersla hefur verið lögð á hópastarf, einstaklingsvinnu, útivist og hreyfingu en áður svo eitthvað sé nefnt. Notendur Skógarlundar voru með sýningar á verkum

sínum, annars vegar í Deiglu og hins vegar í Skógarlundarhúsinu. Þessar sýningar voru sjálfstæðar en undangengin ár hafa sýningar Skógarlundar verið í tengslum við List án landamæra. Árlegur aðventu- og jólamarkaður var haldinn einungis í einn dag sem var laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Allur varningur sem þar var seldur var unnin af notendum Skógarlundar. Jólaleði var haldin að venju í byrjun desember. Opið hús var á vordögum og Dagur góðra verka var á haustdögum.



Mynd: Hjólatúr

Þjónustunotendur

Skógarlund sækir breiður hópur fólks með ólíkar þjónustufarfir. Flestir notendur árið 2017 eru með þroskaraskanir en einnig fólk með áunnin heilaskaða, fólk með einhverfu og fólk með samþætta sjón og heyrnarskerðingu (daufblindu). Búsetuform notenda er mismunandi. Allflestir búa einir í íbúðum og fá þar þjónustu, nokkrir deila húsnæði með öðrum fötluðum einstaklingum og aðrir búa í foreldrahúsum.

Starfsmenn

Í árslok 2017 störfuðu 17 starfsmenn í Skógarlundi í 14,90 stöðugildum. Einn starfsmaður var í langtímaveikindaleyfi og fjórir starfsmenn voru í fæðingarorlofi.

Þar störfuðu þroskaþjálfar þ.m.t. forstöðumaður, myndlistakennari, iðjuþjálfar, félagsliðar, íþróttfræðingur, sérfræðingar með háskólamenntun og almennir starfsmenn. Í stöðum almennra starfsmanna starfaði einn leikskólakennari og einn sjúkraliði.

Í ágústlok var haldinn starfsdagur í Skógarlundi. Nokkrir starfsmenn og forstöðumaður sóttu fræðslu sem boðið var uppá á árinu. Allflestir starfsmanna fóru í námsferð til Landsbyen Sölund í Skandeborg í Danmörku. Þar fengu þeir fræðslu um hvernig tekist hefur til með vinnu skv. hugmyndafræði Þjónandi leiðsagnar sem unnið hefur verið eftir þar í mörg ár og hvernig hefur tekist til með að tengja Snoezelen og Þjónandi leiðsögn í starfi með fötluðu fólki.

Innra starf

Starfsemin fer fram í vestur og suðurálmum Skógarlundar. Heimasvæði fólks er í annarri hvorri álmunni en fólk sækir tilboð í báðar álmur hússins og gefst það mjög vel.

Á árinu 2017 voru 25 einstaklingar með heimasvæði í hvorri álm.

Í vesturálmunni er fólk sem m.a. þarf mikla umönnun. Þar byggir starfsemin á alhliða skynupplifun, líkamsþjálfun, boðskiptum, félagsþæfni og tómsundum.

Starfsemin byggir einnig á léttum vinnuverkefnum, sköpun, félagsstarfi, umönnun og að njóta afþreyingar. Unnið er eftir hugmyndum um starf með fullorðnu fólki sem farið er að tapa starfsgetu og mikilvægi afþreyingar í lífi fólks.



Mynd: Á leið í Skagafjörð



Mynd: Race Runner

Í suðurálmum er fólk sem er nokkuð virkt í starfi en þarf eftir sem áður aðstoð við ýmsar athafnir. Megináhersla þar er lögð á skapandi starf.

Í suðurálmunni voru þrjú vinnusvæði sem hvert fyrir sig hefur ákveðna sérhæfingu. Þessi svæði eru: textilsvæði, svæði þar sem unnið er með leir og gler og svæði þar sem unnið er við kortagerð og myndmennt ýmiskonar. Í suðurálmunni eru framleiddir listmunir og nytjamunir sem notið hafa mikilla vinsælda. Þó framleiðslan á deildinni sé í stöðugri þróun hefur aðeins dregið úr flóknari viðfangsefnum vegna minnkandi getu fólks. Áfram er unnið við plastverkefni frá PBI.



Mynd: Listaverk fæðist

Markmið með skapandi starfi eru m.a.

- ★ Gefa einstaklingum tækifæri til sköpunar

- ★ Þjálfar fin og grófhreyfingar
- ★ Efla fegurðarskyn og sköpunargleði
- ★ Efla sjón og snertiskyn
- ★ Læra að meðhöndla mismunandi efni s.s. liti, pappír, leir, gler og textíl efni
- ★ Stefna að því að listrænn afrakstur verði söluvara a.m.k. að hluta
- ★ Læra að endurnýta efni
- ★ Njóta afþreyingar

Hugmyndafræði

Unnið er eftir hugmyndafræði **TEACCH** um skipulögð vinnubrögð og skynupplifun í báðum álmum hússins.

Skipulögð vinnubrögð er hugmyndafræði ætluð fólki með einhverfu og öðrum með alvarlegar boðskiptahamlanir. Þar er gengið út frá því að nýta sjónræna styrkleika og því eru útbúna myndrænar stundatöflur, rými er afmarkað á sjónrænan hátt og vinnukerfi útbúið eftir þörfum hvers og eins.

Hugmyndafræði **Þjónandi leiðsagnar** hefur verið innleidd í starfsemi Skógarlunda en þar er byggt á grunnhugmyndum um gagnkvæm tengsl og að við séum öll háð hvert öðru á einn eða annan hátt. Þjónandi leiðsögn gerir kröfur til þess að umönnunaraðili horfi inn á við og nýti það góða sem býr innra með hverjum manni og finni leiðir til að gefa af sér hlýju og skilyrðislausu umhyggju í garð annarra. Þungamiðja þjónandi leiðsagnar er að þátttaka okkar í lífi annarra hefur þann megintilgang að kenna, hlúa að og viðhalda reynslu þeirra og upplifun af tengslum, vináttu og því að vera hluti af samfélaginu.

Allir einstaklingar eiga sína sögu, minningar, styrkleika og veikleika sem hefur áhrif á samskipti. Þjónandi leiðsögn leggur áherslu á að horfa til styrkleika manneskjunnar og mæta henni með **skilyrðislausri virðingu og umhyggju** í öllum aðstæðum.

Félagsstarf

Í Skógarlundi hefur frá upphafi verið lögð áhersla á lifandi félagsstarf í innra starfi. Árið 2017 var ekki ár breytinga í þeim efnum. Fimmtudaginn 7. desember var hin árlega jólagleði haldin, þar sem fram voru bornar veitingar að hætti Skógarlunda. Notendur skiptust á pökkum og balli var slegið upp með pomp og prakt. Hljómsveit Rögggu og Snorra sáu um að halda uppi fjörinu. Á árinu var böllum og kaffihúsastemmingu slegið upp nokkrum sinnum og margt annað til gamans gert.

Markaður og opið hús

Aðventu- og jólamarkaður Skógarlunda var haldinn í nóvember. Sýning á myndverkum notenda var einn dag í maí í Deiglu. Sýningin var vel sótt og vakti verðskuldaða athygli.



Mynd: Jólagleði

Samstarf

Starfsfólk Skógarlundar er í góðu samstarfi við Plastiðjuna Bjarg-Iðjulund með verkefni og þjónustu við notendur. Auk þess eiga starfsmenn gott samstarf við heimili þjónustunotenda og sjúkraþjálfunina á Bjargi.

Staðan í lok árs

Eitt af því mikilvægasta í starfi með fötluðu fólki er öryggi og traust. Það er ekki sjálfgefið að traust myndist á milli notenda og starfsmanna, því getur verið erfitt að missa gott fólk og vanda þarf til vals á nýju fólki.

Þvert á álmur fer fram hópastarf. Í hópunum fer fram minningavinna, lesstundir, boccia, tónlist og vettvangsferðir svo eitthvað sé nefnt.

Skynörvunarherberið var flutt á milli álma og verið er að þróa herbergið til betra horfs. Allir hafa aðgang að því herbergi. Mikil áhersla er lögð á einstaklingsáætlanir og einstaklingsvinnu í starfinu, sem og útiveru, hreyfingu og hollari lífshætti.

Horft til nánustu framtíðar

Starfið í Skógarlundi er og verður í stöðugri þróun. Eins tekur þróunin alltaf mið af hugmyndum í fötlunarfræðum, fylgst er með þróun og nýjungum í þjónustu við fatlað fólk og tekið er mið af þörfum þeirra sem sækja þjónustuna. Þegar horft er til framtíðar almennt, eru kannski ekki fyrirjáanlegar stórtækar breytingar á starfsseminni frá því sem verið hefur. Rétt er þó að taka það fram að í starfi með fötluðu fólki verður aldrei kyrrstaða.



Vetur í Skógarlundi

7 Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur



Mynd : Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur



Endurvinnslan

Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur (PBI) er staður starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu. Meginuppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleitt er m.a. raflagnaefni, kerti, búfjármerki, mjólkursíur, diskapurkur, klútar og skilti. Stærsta þjónustuverkefnið er móttaka á einnota drykkjarvöruumbúðum fyrir Endurvinnsluna hf. og tekið er á móti skilaskyldum umbúðum fyrir Norður- og Austurland og frá Ísafirði.

PBI er til húsa að Furuvöllum 1 og opnunartími er frá kl. 8-16 virka daga.



Mynd: Allir að vinna

Hlutverk

PBI starfar skv. lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996. Í 9. grein kemur fram að starfrækja skuli verndaða vinnustaði og önnur ákvæði laganna kveða á um að fólk með fötlun skuli njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

Í lögnum er kveðið á um að þeir eigi rétt á þjónustu sem eru með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum. Á hverjum tíma nýtir fjöldi einstaklinga sér þjónustu á PBI og nauðsynlegt er að í boði séu fjölbreytt störf fyrir þann hóp sem sækir um á hverjum tíma og eiga rétt skv. lögum.

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun er ætluð einstaklingum á aldrinum 18-70 ára. Starfsþjálfun er tímabundin og er hugsuð til sex mánaða í senn en hægt er að framlengja tímabundna ráðningarsamninga, ef þörf er á frekari þjálfun eða ef bið er á öðrum atvinnutilboðum. Markmiðið með starfsþjálfun og starfsendurhæfingu er að þjálfna einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði. Sérstakur matslisti er notaður við mat á starfsgetu sem eykur skilvirkni og flýtir fyrir aðkomu fatlaðra á almennan vinnumarkað.

Í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun voru 39 einstaklingar í tímabundinni ráðningu á árinu 2017, 21 karl og 18 konur í 11 stöðugildum.

Að lokinni starfsþjálfun fengu 4 af ofangreindum einstaklingum starf á vegum Atvinnu með Stuðningi (AMS), þrír fengu ótímabundna ráðningu á PBI og einn fór yfir á örorkuvinnusamning. Sex einstaklingar hættu vegna veikinda eða annarra ástæðna.

Vinnugeta starfsmanna er mismikil og eru laun greidd skv. starfsmati Hlutverks - Samtaka um vinnu og verkþjálfun. Matinu er ætlað að meta vinnugetu og ákvarða röðun í launaflokka. Allir í starfsþjálfun eru félagsmenn í Einingu- Iðju og njóta í öllu þeirra kjara sem félagsmenn fá. Alls fóru 2 einstaklingar úr starfsendurhæfingunni í sumarvinnu á vegum Akureyrarbæjar sumarið 2017 í fimm vikur. Sumarvinnan hefur oft verið mikilvægt skref í átt að þátttöku á almennum vinnumarkaði. Eins og áður sagði hættu 6 manns án þess að fá aðra úrlausn í atvinnumálum. Þar er um að ræða fólk með ýmis vandamál, s.s. geðsjúkdóma, áfengisvanda og önnur vandamál. Allar umsóknir á PBI berast í gegnum vef Vinnumálastofnunar. Helstu tilvísendur á PBI eru m.a. geðdeild SAK, endurhæfingardeild SAK á Kristnesi, fjölskyldusvið, búsetusvið, VMA og VIRK starfsendurhæfingarsjóður.

Starfsþjálfun 2017	
Fjöldi einstaklinga metinn skv. starfsgetu	
30% laun	27 einstaklingar
50% laun	12 einstaklingar

Ótímabundin ráðning

Ótímabundin ráðning (áður kölluð vernduð vinna) er fyrir einstaklinga á aldrinum 18-70 ára og er ætluð starfsmönnum sem lokið hafa starfsþjálfun en geta ekki nýtt sér önnur atvinnutilboð á almennum vinnumarkaði. Starfsgeta einstaklinga er metin í 30, 50, 70 eða 90% skv. starfsmati Hlutverks. Mat/endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári og eru laun greidd í hlutfalli við starfsgetu. Hámarksstarfshlutfall er 50% en lágmark 20%.

Á árinu 2017 voru alls 21 einstaklingar í ótímabundinni vinnu. Karlar voru 9 og konur 12.

Ótímabundin ráðning 2017	
Fjöldi einstaklinga metinn skv. starfsgetu	
30% laun	7 einstaklingar
50% laun	8 einstaklingar
70% laun	5 einstaklingar
90% laun	1 einstaklingur

Annað starfsfólk

Í árslok 2017 voru alls 19 starfsmenn á PBI í 17.05% stöðugildum. Þetta eru: Forstöðukona, rekstrarstjóri, iðjubjálfi/deildarstjóri starfsþjálfunar, starfsráðgjafi/verkstjóri í sal, verkstjóri í saumum, verkstjóri í búfjármerkjum, verkstjóri í vélasal, verkstjóri í kertum í 50% starfshlutfalli og verkstjóri í Endurvinnslunni. Þar að auki er flokksstjóri í sal/lager og starfsmaður í afgreiðslu. Í lok ársins eru 8 manns í verkamannastöðum á PBI, þar af 7 í 100% stöðu og 1 í 75%.


Félagsstarf, fræðsla o.fl.

Á PBI er lögð áhersla á símenntun starfsmanna og eru þeir hvattir til að nýta sér námskeið og fræðslu sem í boði er á vegum Akureyrarbæjar og/eða stéttarféлага, hjá Símei og Fjölmenn.

Forstöðukona PBI tók þátt í samnorrænni ráðstefnu um atvinnumál fatlaðra í Vesterås í Svíþjóð. Yfirmenn, verkstjórar og verkamenn PBI fóru í náms- og kynnisferð til Järna í Svíþjóð 13.- 16. september og var tilgangur ferðarinnar að skoða vinnustaði fyrir einstaklinga með skerta vinnugetu með áherslu á atvinnulega endurhæfingu. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og komu ferðalangarnir heim reynslunni ríkari.

Innleiðing á straumlínustjórnun (LEAN management) hófst á vordögum 2017. Tilgangurinn með innleiðingunni er að auka skilvirkni, vinna að stöðugum úrbótum og draga úr sóun. Allir starfsmenn PBI taka þátt í innleiðingunni og hugmyndavinnunni.

Öðru hvoru er reynt að brjóta upp hinn hefðbundna vinnudag. T.d. var haldin grillveisla eftir að lambamerkjavertíð lauk, haldið var páskaþingó fyrir alla starfsmenn með veglegum páskaeggjavinningum og jólahlaðborð var haldið í lok nóvember þar sem nokkrir starfsmenn stigu á stokk og sungu dægurlög við mikla hrifningu samstarfsfólks. Leikfimi er í boði 2x í viku fyrir og eftir hádegi en uppákomur sem þessar hafa félagslegt gildi og ýta undir góðan starfsanda.



Mynd: Gleði og gaman í vinnunni

Samstarf

Samstarf og samráðsfundir eru á milli PBI og ýmissa stofnana ríkis- og sveitarfélaga varðandi verkefni og þjónustu við notendur. Fjórir nemar frá Starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri komu í starfsþjálfun, tveir á vorönn og tveir á haustönn. Þeir fá ekki laun á starfsþjálfunartímanum. Nemendur frá sérdeildum grunnskólanna koma í vettvangsferð og fá fræðslu um starfsemina og algengt er að leikskólabörn komi með kertaafganga að heiman og fái um leið kynningu á kertaframleiðslu og endurvinnslu á úrgangsvaxi. Nemar í þroskaþjálfrafræðum og nemendur af Félagsliðabréu hjá Símei komu einnig og fengu kynningu á starfseminni en slíkar kynningar eru mikilvægur þáttur í námi þeirra.

Verkefni

Verkefnastaða PBI árið 2017 var ágæt. Eftirspurn eftir raflagnaefni var stöðug og sala dýfðra kerta svo og útikerta var sú sama og á árinu 2016. Dreifing á kertum fer fram í góðu samstarfi við O. Johnson & Kaaber. Endurbætur voru unnar á rými kertagerðarinnar og ný kertadýfingarvél var tekin í notkun á haustdögum 2017. Afkastageta nýju vélarinnar er meiri en þeirrar sem leyst var af hólmi og auðveldar starfsmönnum vinnu og léttir á líkamlegu álagi. Tækjabúnaður PBI er margur kominn til ára sinna og úr sér genginn. Endurbætur og viðhald véla og tækja eru mikilvægur svo hægt sé að

halda starfseminni í fullum gangi. Nauðsynlegt var að kaupa nýja loftpressu þar sem ekki var lengur hægt að gera við þá sem fyrir var og ný skrúfvél var einnig keypt svo og nýtt færiband við plaststeypuvél. Þessar umbætur voru kostnaðarsamar en eru til mikillar hagræðingar og auðveldar starfsfólki PBI vinnuna.

Markaðshlutdeild PBI í sölu á búfjármerkjum jókst um 6% á árinu 2017 miðað við árið á undan. Merkjaprentunin eykur á fjölbreytni í vinnuverkefnum fyrir aðila sem hafa góða vinnugetu en þurfa starfsþjálfun. Rekstur Endurvinnslunnar hefur gengið vel og móttaka skilaskyldra drykkjarumbúða aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Á árinu 2017 var tekið á móti 7.909.230 skilaskyldum einingum frá Akureyri. Árið 2016 var tekið á móti 7.234.739 einingum og árið 2015 6.881.249 einingum, auk þeirra skilaskyldu drykkjarumbúða sem koma frá stöðunum sem móttökustöðin á Akureyri þjónar.

Bómullartuskum og efnum er safnað og unnir úr þeim tuskubaggar til að selja t.d. verkstæðum og útgerðarfélögum. PBI hefur m.a. fengið dygga aðstoð frá Rauða Krossinum og Hjálpræðishernum við söfnun efna sem og frá einstaklingum og ýmsum stofnunum á Akureyri.

Afkoma

Heildartekjur PBI árið 2017 voru að fjárhæð kr. 150.188 þúsund í stað 128.851 þúsund árið 2016. Um er að ræða 16.56% aukningu tekna milli ára sem skýrist m.a. af því að ráðist var í verðhækkanir á rafmagnsefni árinu.

Rekstur PBI var 84.33 % af fjárhagsáætlun sem gerð var fyrir rekstrarárið 2017.

